

Sp.

635. Svar

[289. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um nýframkvæmdir í landbúnaði s. l. sex ár.

1. a–b. Fjósbyggingar og fjárhúsbyggingar 1980–1985.

Gunnlaugur Pétursson hjá Þjóðhagsstofnun veitti upplýsingar um þessa liði, en tölur fyrir árið 1985 eru enn að litlu leyti fengnar.

Útdráttur úr bréfi Gunnlaugs Péturssonar:

„Fjósbyggingar, kýr:

	1980	1981	1982	1983	1984	Meðal- árið
Vesturland	210	187	196	213	121	
Vestfirðir	37	88	44	36	20	
Norðurland vestra	24	66	134	55	82	
Norðurland eystra	204	0	70	160	168	
Austurland	6	40	101	168	124	
Suðurland	188	146	304	456	230	
Reykjanes	0	0	40	0	0	
Samtals	669	527	889	1 088	745	784

Bygging fjárhúsa, kindur:

	1980	1981	1982	1983	1984	Meðal- árið
Vesturland	1 900	1 965	2 440	2 770	2 800	
Vestfirðir	2 100	850	1 650	0	300	
Norðurland vestra	2 895	3 395	5 820	3 690	900	
Norðurland eystra	2 569	860	1 690	1 190	1 630	
Austurland	3 140	1 620	2 420	2 100	1 930	
Suðurland	2 710	2 920	930	2 705	1 990	
Reykjanes	0	240	0	200	0	
Samtals	15 341	11 850	14 950	12 655	9 550	12 869

Þegar þessar tölur eru athugaðar með hliðsjón af fjölda þeirra gripa, sem á vetur eru settir, kemur í ljós að hér er hvergi nærri um eðlilega endurnýjun að ræða. Mjólkurkýr voru sagðar um 34 þús. haustið 1984. Efalítið þarf að bæta þriðjung þeirrar tölu við vegna eðlilegrar viðkomu. Meðaltal fjósbygginga árin 1980–1984 svarar þá til þess að fjósum sé ætlað að endast a. m. k. 57 ár.

Sauðfé í landinu var sagt um 713 þús. haustið 1984. Meðaltal fjárhúsabygginga árin 1980–1984 svarar þá til þess að fjárhúsum sé ætlað að endast um 55 ár.“

1. c–e. Nýrækt, grænófóðurrækt og skurðgröftur.

Búnaðarfélag Íslands veitti upplýsingar um þessa liði. Að sögn Óttars Geirssonar ráðunautar, sem sá um öflun þeirra, féll styrkur til grænófóðurræktar niður árið 1985 en miðað við frækaup hefur grænófóðurrækt minnkað lítið frá 1984. Tölur um skurðgröft fyrir 1985 vantar.

Framkvæmdir samkvæmt jarðabótaskýrslum 1980–1985.

			1980	1981	1982	1983	1984	1985
Reykjanes og Reykjavík	Tún	Nýrækt ha.	53	12	8	26	18	34
		Endurrækt ha.	20	47	32	26	23	20
		Tún samtals ha.	73	59	40	52	41	54
	Grænfóður ha.		68	77	96	85	69	?
	Skurðir	Í órækt þús. m ³	201	7	12	8	11	
		Í rækt þús. m ³	38	94	85	79	113	
	Skurðir samt. þús. m ³	50	101	97	87	124	106	
Vesturland	Tún	Nýrækt ha.	329	274	235	205	313	228
		Endurrækt ha.	88	160	138	128	152	154
		Tún samtals ha.	417	434	373	333	465	382
	Grænfóður ha.		273	377	411	351	385	?
	Skurðir	Í órækt þús. m ³	406	271	323	449	534	
		Í rækt þús. m ³	186	230	453	541	796	
	Skurðir samt. þús. m ³	592	501	776	990	1 330	1 066	
Vestfirðir	Tún	Nýrækt ha.	128	96	68	57	59	37
		Endurrækt ha.	42	33	33	38	44	37
		Tún samtals ha.	170	129	101	95	103	74
	Grænfóður ha.		39	72	45	39	35	?
	Skurðir	Í órækt þús. m ³	31	47	20	3	79	
		Í rækt þús. m ³	20	44	29	3	140	
	Skurðir samt. þús. m ³	51	91	49	6	219	234	
Norðurland vestra	Tún	Nýrækt ha.	361	310	380	371	392	265
		Endurrækt ha.	76	107	150	176	160	179
		Tún samtals ha.	437	417	530	647	552	444
	Grænfóður ha.		317	480	512	680	849	?
	Skurðir	Í órækt þús. m ³	392	328	289	533	742	
		Í rækt þús. m ³	355	314	725	572	978	
	Skurðir samt. þús. m ³	747	642	1 114	1 105	1 720	1 511	
Norðurland eystra	Tún	Nýrækt ha.	310	332	367	297	314	246
		Endurrækt ha.	141	143	181	175	302	279
		Tún samtals ha.	451	475	548	472	616	525
	Grænfóður ha.		404	606	588	669	588	?
	Skurðir	Í órækt þús. m ³	312	55	97	146	195	
		Í rækt þús. m ³	103	72	176	205	306	
	Skurðir samt. þús. m ³	415	127	273	351	501	204	
Austurland	Tún	Nýrækt ha.	396	225	189	241	232	143
		Endurrækt ha.	40	68	106	91	301	101
		Tún samtals ha.	436	293	295	332	533	244
	Grænfóður ha.		706	800	767	824	806	?
	Skurðir	Í órækt þús. m ³	176	76	174	148	258	
		Í rækt þús. m ³	40	56	113	208	125	
	Skurðir samt. þús. m ³	216	132	287	365	383	186	

			1980	1981	1982	1983	1984	1985
Suðurland	Tún	Nýrækt ha.	956	655	562	570	798	455
		Endurrækt ha.	283	1 163	786	551	677	555
	Tún samtals ha.		1 239	1 818	1 348	1 121	1 475	1 010
	Grænfóður ha.		2 148	2 822	2 791	2 973	2 858	?
	Skurðir	Í órækt þús. m ³	465	194	747	426	362	
		Í rækt þús. m ³	652	658	1 382	1 292	1 798	
		Skurðir samt. þús. m ³	1 117	852	2 129	1 718	2 160	1 575

1. f. Nýbýli.

Verkaskipting við skráningu nýbýla breyttist þegar Landnám ríkisins var lagt niður en það hafði einmitt þessa skráningu með höndum. Síðan þá hefur landbúnaðarráðuneytið séð um skráninguna. Árni Jónasson hjá Stéttarsambandi bænda veitti aðstoð við svar þetta, auk starfsmanna landbúnaðarráðuneytisins.

Skýringar við töflu:

P: Þjónustubýli.

L: Loðdýrabýli.

G: Garðyrkjubýli og skógræktarbýli.

E: Endurbyggðar eyðijarðir til hefðbundins búskapar.

N: Nýbýli til hefðbundins búskapar.

F: Fiskiræktarbýli.

S: Svínaræktarbýli.

Fjöldi og gerð nýbýla 1980–1985.

Sýsla:	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Gullbringusýsla	1L	2L	1H	2P		2G,1L
Kjósarsýsla	1P	2L	1P,1G	1P	2L	1G
Borgarfjarðarsýsla	2P	1P,1G	1P	3P,1F,1G		1L
Mýrasýsla		1E				
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla		1P,2E	1E	1N		1P
Dalasýsla		1E (hrossar.)			1N	
A-Barðastrandarsýsla						
V-Barðastrandarsýsla				1G	1E	
V-Ísafjarðarsýsla						1S
N-Ísafjarðarsýsla			1P	1P		1F,1L
Strandasýsla			1P			
V-Húnavatnssýsla	1E		1E		1E,1G	1L
A-Húnavatnssýsla						
Skagafjarðarsýsla	2P,1L,1G	1E,1G	4E,2P	1P,1N	3P	1L,1G
Eyjafjarðarsýsla	1P	1P,1G	1L,1E,1S	4P		
N-Pingeyjarsýsla			1P	1E	1L	1L,1F
S-Pingeyjarsýsla	3P,1G	1P	1P,1E			2L
N-Múlasýsla		1E	2N,2E	2E		2L
S-Múlasýsla	1P		2P	1P,1E		
A-Skaftafellssýsla	3P	1L	3P			
V-Skaftafellssýsla				1E	1G	
Rangárvallasýsla	1G	2P,1E	4P,2E	2P,2E		1L
Árnessýsla	2P,1E,7G	1P,1E,2G,1F	5P,7G	1L,6G,1F		5G,1P,1L

**2.-3. Framkvæmdir samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands
og Stofnlánadeild. Styrkveitingar
ríkissjóðs og Stofnlánadeildar.**

Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands taka út allar jarðabótaframkvæmdir sem styrkhæfar eru og senda umsögn með öllum lánabeiðnum um byggingar í sveitum til stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Hér á eftir fara nánari svör Leifs Kr. Jóhannessonar hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Óttars Geirssonar við ofantöldum spurningum.

Framkvæmdir í landbúnaði, sem styrks hafa notið úr ríkissjóði,

	1980	1981	1982	1983
Handgrafnir skurðir			2 774	10 050
Kílræsi	16 777	90 994	15 197	55 057
Plastpípuræsi	66 424	360 267	76 243	276 222
Ýmis ræsi	15 840	85 912	16 701	60 506
Nýrækt á þurrukuðu mýrlendi	3 665 388	19 880 162	4 296 579	15 566 156
Nýrækt á þurrlendi	1 397 243	7 578 302	1 567 349	5 678 378
Endurvinnsla túna	1 040 341	5 642 553	3 977 038	14 408 485
Grænifóður	1 868 661	10 135 157	7 561 849	27 395 964
Hagarækt	43 262	234 642	30 047	108 858
Félagsræktun á þurrukuðu landi				
Félagsræktun á þurrlendi				
Grjótnám	121 349	658 167	168 813	611 596
Girðingar	1 088 997	5 906 451	1 366 302	4 950 001
Áburðarhús og áburðarkjallarar	2 880 341	15 622 260	6 124 431	22 188 316
Purrheyshlöður	866 082	4 697 415	1 224 511	4 436 304
Votheyshlöður	1 012 165	5 489 734	2 192 003	7 941 449
Garðávaxtageymslur	151 382	821 059	299 771	1 086 046
Verkfærageymslur	396 364	2 149 781	599 107	2 170 516
Súgpurrkunarkerfi með blásara og aflvél	1 395 513	7 568 919	2 386 760	8 647 037
Súgpurrkunarkerfi með blásara	82 551	447 736	44 099	159 767
Súgpurrkunarkerfi án blásara	253 873	1 376 945	401 048	1 452 964
Fastur blásari og aflvél	748 005	4 056 995	918 271	3 326 821
Fastur blásari	34 904	189 311	4 373	15 843
Fóst aflvél	188 424	1 021 965	265 926	963 428
Flóðgáttir				
Flóðvarnargarðar				
Vatnsveitur	2 050 615	11 122 031	2 027 919	7 346 986
Kölkun túna	72 853	395 137	217 264	787 130
Sprenging berghafta	7 436	40 331	13 391	48 515
Plógræsi	158 602	860 218	39 262	142 243
Plægðir hagaskurðir				0
Vélgrafnir skurðir	2 018 213	10 946 290	1 786 277	6 471 536
Dýpkun skurða	1 687 184	9 150 870	2 768 135	10 028 728
Samtals:	23 328 789	126 529 605	40 391 440	146 334 904

Búnaðarfélag Íslands:

Taflan hér á eftir er unnin upp úr gögnum frá Óttari Geirssyni hjá Búnaðarfélagi Íslands en hún sýnir bæði nafnverð styrkuppghæða og svo sömu upphæð reiknaða til verðlags í janúar 1986. Við framreikning þessara talna var notuð sú aðferð að miða við að styrkir greiddust út janúar–júlí næsta ár á eftir. Þess vegna er meðalbyggingarvísitala sömu mánuði notuð. Þar sem þessi byggingarvísitala er ekki þekkt fyrir árið 1986 var valið að sýna þá töflu án framreiknings. Jafnframt hefur form hennar breyst.

reiknaðar á verðlagi fyrri hluta næsta árs (sjá aths.).

1982		1983		1984	
475	990			24 488	27 039
32 747	68 281	251 595	395 853	323 520	357 224
169 036	352 460	255 453	401 923	276 720	305 548
24 270	50 606	40 581	63 849	74 290	82 029
6 086 210	12 690 468	10 478 338	16 486 334	14 851 114	16 398 290
2 280 364	4 754 829	3 804 267	5 985 531	5 315 205	5 868 938
5 018 732	10 464 650	7 402 522	44 646 928	10 147 364	11 204 507
5 857 527	12 213 637	11 021 645	17 341 159	12 793 986	14 126 852
31 569	65 825	169 366	266 476	157 553	173 967
		99 825	157 062	179 258	197 933
		189 872	298 739		
202 501	422 239	339 703	534 480	422 735	466 775
2 130 062	4 441 431	3 293 340	5 181 652	3 837 405	4 237 182
12 507 360	26 079 326	16 724 029	26 313 136	20 811 091	22 979 172
2 442 270	5 092 422	2 809 090	4 419 746	2 985 411	3 296 428
3 445 413	7 184 094	4 145 806	6 522 899	11 339 345	12 520 668
575 553	1 200 096	355 238	558 922	956 135	1 055 744
1 105 647	2 305 705	1 216 425	1 913 890	1 490 370	1 645 635
3 910 997	8 154 892	2 895 235	4 555 285	4 469 641	4 935 284
79 689	166 161	251 021	394 950	306 337	338 251
404 000	842 388	610 346	960 302	1 105 207	1 220 346
1 016 489	2 119 500	1 369 056	2 154 036	1 297 222	1 432 365
64 640	134 782	71 847	113 042	92 014	101 600
264 620	551 764	381 911	600 888	607 184	670 440
53 766	112 108	22 101	34 773	263 839	291 326
2 627	5 478	27 137	42 697	40 717	44 959
4 837 812	10 087 411	5 169 531	8 133 601	7 981 307	8 812 792
865 093	1 803 821	2 339 550	3 680 985	811 133	895 636
13 657	28 476	2 005	3 155	1 242 738	1 372 205
502 630	1 048 043	268 628	422 652	1 261 616	1 393 050
16 805	35 040				
4 315 088	8 997 469	7 870 440	12 383 138	13 571 132	14 984 960
7 583 855	15 813 235	12 954 658	20 382 510	26 124 175	28 845 768
65 841 504	137 287 330	96 830 561	152 350 593	145 160 252	160 282 917

JARÐRÆKTARFRAMKVÆMDIR ÁRIÐ 1985. GREITT ÁRIÐ 1986.

	Framlög samtals kr.:
Pípuræsi	290 897
Nýrækt á þurркуðu mýrlendi	15 822 920
Nýrækt á þurrlendi	5 064 832
Grænfóðurakrar	329 461
Grjótnám	435 394
Girðingar um ræktunarlönd	2 953 659
Endurræktun á þurркуðu mýrlendi	14 082 220
Endurræktun á þurrlendi	5 009 262
Korn og fræakrar	1 199 811
Trjáplöntur í skjólbelti	263 444
Girðingar við skjólbelti	100 750
Áburðarhús	13 487 719
Votheyshlöður	15 402 634
Verkfærageymslur	873 840
Þurrtheyshlöður	4 408 411
Tæki vegna súgþurrkunar	2 331 911
Garðávaxtageymslur	673 785
Tæki til kælingar garðávaxta	870 595
Uppeldishús á garðyrkjubýlum	83 356
Lýsibúnaður í uppeldishúsum	220 397
Loðdýrahús	30 730 670
Vatnsveitur	11 772 781
Kölkun túna	1 262 454
Sprengd berghöft	44 800
Plógræsi	2 526 940
Skurðir	35 766 476
	Samtals kr. 166 009 430

Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Leifur Kr. Jóhannesson hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins svaraði þessum spurningum. Auk þess fylgir hér með greinargerð um lánveitingar Stofnlánadeildar til fjós- og fjárhúsbygginga 1974–1985.

Útdráttur úr svari Leifs Kr. Jóhannessonar hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins:

„1. Spurt er um hve stóran hluta ákveðinna framkvæmda Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi samþykkt áður en þær voru hafnar.

Hér mun vera átt við fjárhús- og fjósbyggingar þar sem á aðra þætti eru ekki veitt lán af þeim sem taldir eru upp.

Svar:

Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um hverjir hafa byrjað á framkvæmdum áður en sótt hefur verið um lán eða lánsloforð veitt.

Flestir umsækjendur hefja ekki framkvæmdir fyrr en lánsloforð hefur fengist, en þó eru nokkur brögð að því að byrjað hafi verið á byggingum áður.

Nauðsynlegur undirbúningur, svo sem teikningar, þurfa að liggja fyrir og fylgja lánsúmsókn. Það er skilyrði fyrir því að hægt sé að meta úmsókn. Framkvæmd telst varla hafin fyrr en byrjað er á verklegum framkvæmdum.

Vitað er að sumir byggja án þess að taka lán, en það er þó í litlum mæli. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur ekki ákvörðunarvald til þess að banna mönnum að byggja. Það er að því er best er vitað hverjum frjálst ef viðkomandi fær til þess tilskilin leyfi byggingaryfirvalda og fjármagni hann framkvæmdina sjálfur.

Rétt er að geta þess að deildin lánaði áður til ræktunar, en hætti því fyrir 4 árum.

2. Hve miklu lánsfé hefur verið varið til fjós- og fjárhúsbygginga s. l. 6 ár á verðlagi í janúar 1986:

Hér á eftir eru birtar lánveitingar til fjósa- og fjárhúsbygginga árin 1974 til 1985, þ. e. s. l. 12 ár, á verðlagi í janúar 1986 sem ætti að sýna hver þróunin hefur verið.

Árið	Fjós, mjaltakerfi og tankar milljónir	Fjárhús milljónir
1974	89,9	65,4
1975	106,0	57,7
1976	113,3	48,8
1977	76,3	67,0
1978	49,8	42,5
1979	30,7	31,6
1980	31,3	33,6
1981	36,6	25,1
1982	35,1	27,1
1983	46,1	22,8
1984	46,3	16,8
1985	44,4	13,2

Rétt er að geta þess að kröfur til bygginga hafa farið vaxandi og á það sérstaklega við fjósbyggingar.

Tækni hefur fleygt fram og vinnuástanda í byggingum síðari ára er til muna betri en var fyrir nokkrum árum. Það gerir byggingar dýrari og þörf fyrir meira lánsfé á hverja einingu.

Að öðru leyti en hér kemur fram er vísað til greinargerðar um lánveitingar til fjárhúsa og fjósbygginga frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem fylgir hér með. Þar kemur fram hvernig hefur verið unnið að þessum málum af hálfu Stofnlánadeildar.“

GREINARGERÐ

um lánveitingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins
til fjós- og fjárhúsbygginga frá árinu 1974–1985.

Miklar umræður hafa farið fram síðustu vikur um framleiðslumál landbúnaðarins og þá einkum í hinum svonefndu hefðbundnu búgreinum. Inn í þær umræður hafa fléttast lánveitingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins til þessara búgreina. Þar hefur gætt nokkurs misskilnings, viljandi eða óviljandi.

Ekki hefur verið haft fyrir því að afla réttra upplýsinga og þykir rétt af þeim ástæðum að upplýsa eftirfarandi:

1. Árið 1977 við lánveitingar það ár eru fyrst tekin upp stærðarmörk (hámarksstærð) á fjós og fjárhúsbyggingum og þá lánað að hámarki út á 35 bása fjós og 500 kinda fjárhús þegar um einbýli var að ræða en nokkru stærra á félagsbú.

2. Þegar ákveðið var að taka upp framleiðslustjórn í nautgripa- og sauðfjárframleiðslu 1979 ákvað stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að lækka stærðarmörk á fjósum sem lánað yrði út á í 30 bása sem hámark. Þetta var gert vegna þess að talin var ástæða til að hamla gegn aukinni mjólkurframleiðslu. Þetta tók gildi við lánveitingar á árinu 1980.
3. Samhliða þessum ákvörðunum var ákveðið að taka mið af framleiðslurétti umsækjanda í viðkomandi búgrein, þ. e. búmarki.

Frá árinu 1980 til 1983 voru umsóknir sendar Framleiðsluráði landbúnaðarins til umsagnar vegna stærðarmarka. Framleiðsluráð svaraði með því að upplýsa um búmark viðkomandi umsækjanda. Frá og með árinu 1984 var tekin upp sú vinnuregla í Stofnlánadeildinni að færa inn á allar umsóknir um framkvæmdalán búmark viðkomandi jarðar og þá jafnan tekið mið af því, enda réttur sem bændur hafa talið sig eiga nokkuð vísan. Ekki hefur í raun verið hægt að miða við annað en þann framleiðslurétt sem hver jörð hefur haft.

4. Stærð bygginga hjá bændum hefur verið nokkuð mismunandi. Algengasta stærð á fjósum hefur oftast verið á bilinu fyrir 18 til 40 kýr, en í einstaka tilfalli stærri þegar um félagsbú hefur verið að ræða.

Stærð fjárhúsa hefur verið algeng yfir 200 og allt upp í 700 kinda hús.

Því hefur oft verið haldið fram að Stofnlánadeildin hafi lánað umfram stærðarmörk. Það er rangt. Þrátt fyrir það er deildinni kunnugt um að sumir hafa byggt umfram lánshæf stærðarmörk þrátt fyrir augljósa erfiðleika í markaðsmálum.

Þá er rétt að upplýsa að sumir hafa þegar byggt áður en sótt hefur verið um lán og lánsloforð fengist. Fyrirtæki bændra, samvinnufélög, bankar o. fl. hafa fjármagnað þessar framkvæmdir í trausti þess að lán fengist síðar. Þetta hefur m. a. stuðlað að aukinni þenslu og verið flest ár umfram getu eða lánsfjármöguleika Stofnlánadeildar, enda markmið deildarinnar að draga úr lánveitingum þar sem markaður hefur ekki verið nægur fyrir viðkomandi búvöru.

5. Hér á eftir er birt tafla yfir fjölda fjósa og fjárhúsa sem Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur veitt lán til á árunum 1975 til 1985 eða s. l. 10 ár:

Fjósbyggingar.

Ár	Fjós	Fjöldi bása	Meðalstærð
1975	46	1384	30,1
1976	47	1422	30,3
1977	39	1320	33,9
1978	36	890	24,7
1979	17	455	26,8
1980	16	350	21,9
1981	20	508	25,4
1982	21	505	24,0
1983	26	579	22,3
1984	23	774	33,6
1985	31*	741	23,9

*) Þar af 10 hagræðingar- og endurbótalán.

Fjárhúsbyggingar.

Ár	Fjárhús	Fjöldi fjár	Meðalstærð
1975	75	19 885	265
1976	69	19 995	290
1977	69	20 245	293
1978	72	23 860	331
1979	46	14 240	310
1980	36	11 740	326
1981	34	9 185	270
1982	27	8 910	330
1983	31	10 190	329
1984	18	6 400	355
1985	18	6 440	358

Eins og fram kemur á töflunni hér að framan hefur verið dregið mikið úr lánveitingum út á fjós frá árunum 1975 til 1976 og hafa þær minnkað um rúman helming ef miðað er við s. l. 6 ár eða á þeim tíma sem framleiðslustjórnin nær yfir.

Margar af þeim umsóknum, sem í gangi hafa verið s. l. ár og á þessu ári, eru vegna hagræðingar við eldri fjósbyggingar, t. d. vantar víða haughús og jafnvel viðurkennd mjólkurhús. Þegar unnið er að slíkum endurbótum er oft erfitt að komast hjá einhverri stækkun sem oftast er þá nýtt fyrir geldneyti. Þá liggur oft fyrir að loka eigi fjósum að mati dýralækna ef ekki eru gerðar viðunandi endurbætur eða þá jafnvel byggt nýtt.

Talið er að framleiðsla af u. þ. b. 30 þús. kúm nægi til að fullnægja markaðnum. Miðað við endingartíma bygginga þyrfti að reisa rúmlega 30 fjós (30 kúa) að meðaltali á ári til viðhalds.

Þar sem ekki er til nein heildarúttekt á ástandi bygginga á jörðum í landinu er ekki hægt að fullyrða neitt ákveðið um endurbyggingarþörf næstu ára, en þó er víst að víða liggur við að fjósum sé lokað af heilbrigðisástæðum þar sem þau fullnægja ekki þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra.

Það er að færast í vöxt að eldri byggingar séu endurbættar þar sem bændur sjá ekki fram á að geta staðið undir kostnaði við dýrar nýjar byggingar.

Taflan um fjárhúsbyggingar sýnir að verulega hefur verið dregið úr lánveitingum til fjárhúsbygginga og miðað við árin 1975 til 1978 hafa lánveitingar s. l. tvö ár aðeins verið 30% af því sem lánað var þá.

Sömu vinnureglum hefur verið beitt við lánveitingar til fjárhúsa og gert var gagnvart fjósum, þ. e. tekið mið af búmarki viðkomandi jarðar.

Í sambandi við lánsloforð vegna byggingarframkvæmda í hefðbundnum búgreinum hefur það verið haft að meginmarkmiði að lána fyrst og fremst til endurnýjunar og fylgja þar með þeirri framleiðslustefnu sem í gildi hefur verið. Mörgum umsóknum hefur verið synjað af þessum ástæðum. Þá er rétt að minna á að þótt bændur hefji framkvæmdir áður en sótt er um lán þá er það engin trygging fyrir því að lánað verði út á framkvæmdina.

F. h. Stofnlánadeildar landbúnaðarins,
Leifur Kr. Jóhannesson.

**4. Ábúendaskipti á ríkisjörðum á vegum
landbúnaðarráðuneytisins 1980–1985.**

Ár	
1980	4 jarðir
1981	15 jarðir
1982	13 jarðir
1983	17 jarðir
1984	7 jarðir
1985	14 jarðir

5. Mjólkurkýr á landinu 1980–1985:

Ár	
1980	33 577
1981	32 769
1982	32 845
1983	33 189
1984	34 230
1985	35 000*

*) Fyrir árið 1985 er um bráðabirgðatölu að ræða, en skekkjan er líklega mjög lítil, þ. e. 100 kýr.